



## Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

### Aukin sala raftækja í október

Velta í dagvöruverslun dróst saman um 0,8% á föstu verðlagi í október miðað við sama mánuð í fyrra en jókst um 0,4% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum dróst velta dagvöruverslana saman í október um 1,2% frá sama mánuði árið áður. Verð á dagvöru hækkaði um 1,2% á síðastliðnum 12 mánuðum.

Sala áfengis dróst saman um 8,2% í október miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og um 3,6% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum nam samdráttur í veltu áfengis í október 5,7% frá sama mánuði í fyrra. Verð á áfengi var 5,1% hærra í október síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Fataverslun var 7,6% minni í október miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og minnkaði um 4,4% á breytilegu verðlagi á sama tímabili. Verð á fötum var 3,4% hærra í október síðastliðnum en í sama mánuði ári fyrr.

Velta skóverslunar minnkaði um 9,0% í október á föstu verðlagi og um 0,8% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Verð á skóm hækkaði um 9,0% frá október í fyrra.

Velta húsgagnaverslana var 6,0% minni í október en í sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi og jókst um 0,5% minni á breytilegu verðlagi. Velta sérverslana með rúm minnkaði um 17,8% frá því í fyrra á föstu verðlagi. Verð á húsgögnum var 6,9% hærra í október síðastliðnum miðaða við sama mánuð í fyrra.

Sala á raftækjum í október jókst um 19,0% á föstu verðlagi frá sama mánuði í fyrra og um 12,1% á breytilegu verðlagi á sama tímabili. Verð á raftækjum lækkaði um 5,7% frá október 2009.

okt.10	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Fast verðlag, árstíðaleiðrétt	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	3,6%	0,4%	3,3%	-0,8%	0,3%	-1,2%
Áfengi	1,5%	-3,6%	1,8%	-8,2%	-0,2%	-5,7%
Föt	-0,6%	-4,4%	-0,7%	-7,6%	1,8%	-7,4%
Skór	-2,3%	-0,8%	-2,8%	-9,0%	-3,1%	-8,8%
Húsgögn	-16,0%	0,5%	-17,0%	-6,0%	-2,8%	-6,0%
Raftæki	4,3%	12,1%	5,8%	19,0%		


## Verðlag og neysla

Skriður hefur komist á sölu raftækja undanfarna mánuði. Frá því í apríl síðastliðnum hefur raunvelta raftækjaverslana aukist um 63,7%. Í október var sala á raftækjum 19% meiri að raunvirði en í sama mánuði í fyrra og er eini flokkur verslunar sem eykur veltu sína á milli ára. Þá er athyglisvert að flokkur raftækja er eini vörflokkurinn þar sem verð hefur lækkað frá því í október í fyrra, samkvæmt verðmælingu Hagstofunnar. Að einhverju leyti má rekja vöxt í veltu raftækjaverslana í október til þess að stór raftækjaverslun var opnuð í Reykjavík.

Frá því um mitt ár hefur velta dagvöruverslana verið stöðug og svipuð því sem því sem hún var í fyrra, enda hefur verulega dregið úr verðhækkunum á matvöru. Nokkuð hefur dregið úr sölu áfengis. Í október var bæði minni sala áfengis að raunvirði og að nafnvirði, þannig að neytendur keyptu ekki aðeins minna magn af áfengi heldur vorðu einnig lægri upphæðum til áfengiskaupa heldur en í sama mánuði í fyrra.

Fataverslun hefur ekki náð sér á strik frá hruni efnahagslífsins. Allt bendir til að neytendur reyni frekar að kaupa fót á útsölum nú en undanfarin ár. Þetta má meðal annars sjá í sveiflum á veltu fataverslana í hefðbundnum útsölumánuðum, sem eru meiri nú en undangengin ár. Velta húsgagnaverslana hefur heldur ekki náð fyrri hæðum en er þó nokkuð stöðug.

Rannsóknasetur verslunarinnar mun á næstunni birta spá um **Jólaverslunina 2010** og tilkynna hver verður „**Jólagjöfin í ár**“ að mati nefndar sem skipuð er valinkunnum neyslufrómuðum.



Nánari upplýsingar veita Kári Joensen ([kari@bifrost.is](mailto:kari@bifrost.is)) og Emil B. Karlsson ([emil@bifrost.is](mailto:emil@bifrost.is)), forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar í síma 822 1203